

## Setning

*Dórir Ingason,  
Vegagerðin*

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar er nú haldin í 15. sinn í salnum Kaldalóni í Hörpu.

Það eru skráðir rúmlega 180 þátttakendur, sem er svipuð aðsókn og hefur verið undanfarin fjögur ár.

Á dagskrá ráðstefnunnar eru fjölbreytt erindi um ýmis mál, sem flokkast í rannsóknaflokkana fjóra sem rannsóknir Vegagerðarinnar eru flokkaðar í, það er mannvirki, umferð, umhverfi og samfélag. Einnig eru nokkur veggspjöld um verkefni sem hafa verið styrkt, a.m.k. að hluta. Það sem er kynnt er í flestum tilvikum verkefni sem hafa verið styrkt á þessu ári og því síðasta.

Það má ef til vill almennt segja um verkefni sem unnin eru með styrk frá rannsóknasjóðnum, að oftast eru þau að fjalla um eitthvað sem gæti kallast hefðbundið efni. Á ráðstefnunni núna eru til dæmis kynningar á verkefnum sem fjalla um steypu, brúargerð, burðarlög vega, umferðaröryggi og efni sem tengist umhverfismálum. En einnig er fyrirlestrar um verkefni sem tengjast og snerta vandamál í samgöngum vegna aukinnar fjölgunar ferðamanna hérlendis. Sem dæmi eru erindi um umferðaröryggi erlendra ferðamanna, öryggi hjóltreiddamanna á vegum sem snertir líka ferðamenn, áhugaverða staði sem ferðamenn stoppa gjarnan á þó ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir því, stefnumótun í skiltum þar sem tungumálið á skiltum kemur til dæmis við sögu. Aukinn fjöldi erlendra ferðamanna og áhrif þess á samgöngukerfi landsins er mikilvægt mál og lögð verður sérstök áhersla á að fá inn verkefni sem að því lúta, þegar auglýst verður eftir umsóknum til rannsóknasjóðsins í byrjun ársins 2017.

Á síðasta ári var á rannsóknaráðstefnunni fjallað um sjálfkeyrandi bíla og framtíð þeirra hérlendis. Það er líklega staðreynd að sjálfkeyrandi bílar eru að verða raunverulegir og e.t.v. innan skemmri tíma en menn gera ráð fyrir í dag. Þróunin gæti leitt til ýmissa breytinga í samgöngumálum. Til dæmis gætu ferðavenjur fólks breyst og jafnvel hvort það óskar þess að eiga eigin bíl eða ekki. En engu að síður munum við langlíklegast áfram þurfa ýmis samgöngumannvirki eins og við þekkjum í dag, eins og vegi, hafnir, vita og brýr og við þurfum áfram að velta fyrir okkur öryggi vegfarenda, skoða áhrif á umhverfið og samfélagið. Þannig að rannsóknir sem eru stundaðar í dag og rannsóknaflokkarnir okkar fjórir sem voru nefndir hér að framan eru líka í fullu gildi í náinni framtíð.

Fyrir þá sem sakna þess að ekki sé fjallað um samgöngukerfi framtíðar á þessari ráðstefnu, má benda á ráðstefnu sem haldin verður þann 17. Nóvember 2016 í Hörpu sem ber heitið „Bílar, fólk og framtíð“. Þar mun vegamálastjóri, Hreinn Haraldsson, meðal annars fjalla um vegakerfi framtíðarinnar.

Þó þær rannsóknir sem nú eru mest stundaðar eigi fullan rétt á sér, má í breyttu umhverfi og þegar horft er til framtíðar kannski horfa aðeins út fyrir þennan ramma. Þess vegna ætti til dæmis að reyna að meta hvaða tækni muni hugsanlega ýta til hliðar þeirri tækni sem við búum við í dag (á ensku oft nefnt „disruptive technology“). Einnig er þörf á að skoða ýmis mál sem m.a. lúta að upplýsingum og upplýsingagjöf, en það er auðvitað byrjað að einhverju leyti.

Skóða þarf samband innviðanna og ökutækjanna sem á þeim eru. Þá þarf að skoða mismunandi ferðamáta og ýmsa „hegðun“ tengda samgöngumálum, bæði einstaklingshegðun (til dæmis varðandi sjálfkeyrandi bíla), sameiginleg hegðun og hegðun stjórnvalda og samspil á milli allra þessara þátta. Markmiðið gæti verið að „samþætta“ samgöngur til að auka virkni, sjálfbærni, samkeppni, öryggi, aðgengi og fleira.

Hér er sem oft áður ekki hægt að láta hjá líða að benda enn og aftur á það að 23. grein vegalaga er þverbrotin ár eftir ár þegar fjárlög eru samþykkt. Sú grein fjallar um að 1,5% af mörkuðum tekjum Vegagerðarinnar skuli árlega varið til ransókna og þróunar. Nú liggur fyrir samþykkt þingsályktunartillaga um fjögurra ára samgönguáætlun (reyndar frá 2015-2018) og þar kemur fram að á næsta ári 2017 er gert ráð fyrir 150 milljónum til rannsóknasjóðsins, sem er ekki nema 0,75% af mörkuðum tekjum samkvæmt sama skjali. Sjóðurinn fær þannig aðeins um helming af því sem ætti að vera og enn verra verður það árið 2018.

Ráðstefnustjóri er upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar G.Pétur Matthíasson.